

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 14. maí 2020: Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks um mögulegt brot ÍR

Með hliðsjón af ábendingum sem ráðinu bárust varðandi ákvörðun íþróttafélags um að leggja niður meistaraflokk kvenna í íþróttagrein en halda áfram á sama tíma með meistaraflokk karla, þá er þess óskað að mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa svari því almennt, sem leiðbeinandi svar:

1. Hvort íþróttafélag sem leggur niður íþróttastarf í kvenna- eða stúlknaflokki, á sama tíma og starf í karla- eða drengjaflokki er haldið áfram, og öfugt, þ.e. ef karla- eða drengjaflokksstarf leggst niður á meðan kvenna- eða stúlnastarf heldur áfram, sé með slíkri ákvörðun að brjóta mannréttindastefnu borgarinnar.
2. Hvort íþróttafélög sem taka slíkar ákvarðanir séu mögulega að brjóta samninga sem þau hafa gert við Reykjavíkurborg.
3. Hvaða áhrif það hafi á samnings samband slíkra félaga við borgina að það brjóti jafnréttisstefnu sína og borgarinnar.

Það er mikilvægt fyrir íþróttafélög í borginni að þessi svör séu tiltæk sem leiðbeiningar varðandi samnings samband þeirra við borgina. Íþróttafélög hafa flest yfir takmörkuðu fjármagni að ráða og aldrei minna en núna, og þess vegna því mun meira áriðandi að íþróttafélög borgarinnar fái svör við þessum spurningum sem allra fyrst